



Munnvatnskirtill fjarlægður

Munnvatnskirtlarnir framleiða munnvatn og fer tegund aðgerðar eftir því í hvaða kirtli mein er staðsett og stærðar þess. Aðgerðin er gerð í svæfingu og gera þarf ráð fyrir að vera frá vinnu í 7-10 daga eftir aðgerð. Algengast er að gerðar séu aðgerðir á vangakirtli eða kjálkabarðskirtli.

- Vangakirtlar (parotid glands) eru staðsettir báðum megin í vanganum fyrir framan eyrun og liggja niður á við. Hreyfitaugar andlitsins liggja í gegnum vangakirtlinn og stjórna meðal annars hreyfingu á enni, augnloki og munnviki.
- Kjálkabarðskirtlar (submandibular glands) liggja aftan til og innan við neðri kjálka, efst á hálsinum. Neðstu greinar andlitstauga liggja nálægt kjálkabarðskirtlunum.

Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmedferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

Næring og hreyfing

Gott er að byggja líkamann upp fyrir aðgerðina með því að hreyfa sig daglega, borða næringarríkan mat og taka inn fjölvítamín. Það flýtir fyrir bata og getur minnkað líkur á fylgikvillum aðgerðar.

Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun 6-8 vikum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta fengið aðstoð

hjúkrunarfræðings og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð hjá: „Ráðgjöf í reykbindindi“. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafarþjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á www.reyklaus.is.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Innskrift

Þegar aðgerðardagur nálgast er sjúklingur boðaður í innskrift á innskriftarmiðstöð á göngudeild skurðlækninga B3 á Landspítala í Fossvogi. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega eða lyfjakort. Þar fer fram viðtal við hjúkrunarfræðing, lækni háls-, nef- og eyrnalækninga og svæfingalækni. Spurt verður um heilsufar, gerð læknisskoðun og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina. Gera þarf ráð fyrir að innskriftin taki 3–4 klukkustundir og fyrir hana þarf að greiða.

Rannsóknir

Tekið er blóðsýni og gerðar aðrar rannsóknir ef heilsufar gefur tilefni til.

Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum eða öðru. Svæfingalæknir metur í innskriftarviðtali hvaða lyf eigi að taka að morgni aðgerðardags.

Kvöldið fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnis kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te. Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér snyrtivörur, tannbursta, inniskó, slopp, þægileg föt og afþreyingarefni ásamt heyrnartólum fyrir útvarp og sjónvarp. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota svitalyktareyði, krem, andlitsfarða, ilmefti eða skartgrip.

Mæting er á dagdeild A5 Landspítala í Fossvogi (5. hæð) að morgni aðgerðardags.

Fyrir aðgerðina þarf að vera búð að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Fyrir aðgerðina eru gefin verkjalyf í töfluformi sem verka í og eftir aðgerð. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina. Settur er æðaleggur í handarbak eða handlegg og er hann notaður til að gefa vökva og svæfinga- og verkjalyf. Áður en svæfingalyfi er sprautað í æðalegginn, þarf að anda að sér súrefni í gegnum grímu. Aðgerðin er gerð í svæfingu og tekur um eina klukkustund. Skurðlæknir hefur samband við aðstandanda að aðgerð lokinni ef þess er óskað. Gott er að hafa einn aðila úr fjölskyldunni sem tengilið við spítalann.

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild í nokkrar klukkustundir og þaðan á legudeild. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknunardeild, en nánustu aðstandendum er velkomið að hringja.

Verkir

Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því verkir geta seinkað bata. Verkjalyf eru gefin eftir þörfum. Sjúklingur metur styrk verkja á verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Ef verkur er til staðar þrátt fyrir verkjalyf er mikilvægt að láta vita. Markmiðið er að vera vel verkjastillt(ur) og geta hreyft sig með góðu móti.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir		Vægir verkir		Miðlungs verkir		Miklir verkir		Gríðarlegir verkir		

Matur og drykkur

Drekka má og borða samdægurs. Ef verkir eru til staðar getur verið gott að borða mjúkan mat fyrsta sólarhringinn eftir aðgerð. Ekki er óalgengt að finna fyrir ógleði eftir aðgerðina og mikilvægt að láta strax vita ef svo er, svo hægt sé að bregðast við því.

Þvaglát

Eftir svæfingu getur komið fram tregða við þvaglát og því er mikilvægt að reyna að pissa fljótlega eftir komu er á deild. Láta þarf vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.

Skurðsár

Skurðsár er á vanga eða kjálkabarði. Fara má í sturtu daginn eftir aðgerð en forðast þarf að bleyta skurðsvæðið við rakstur og þvott, þar til búið er að fjarlægja sauma. Saumar í skurðsári eru fjarlægðir í endurkomutíma hjá lækni. Ytri umbúðir eru fjarlægðar daginn eftir aðgerð ef ekki vessar úr sári.

Drenslanga

Í lok aðgerðar er komið fyrir grannri drenslöngu sem leidd er frá skurðsárinu í gegnum húðina til að hleypa út blóði og vökva sem safnast í sárabeð og er hún yfirleitt höfð í 1-2 daga.

Hreyfing

Hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata og minnka hættu á myndun blóðtappa. Fara má fram úr rúmi samdægurs en eftir svæfingu er alltaf ráðlagt að fyrsta fótaferð sé í fylgd starfsmanns deildar. Höfðalag þarf að vera hækkað í 45° fyrsta sólarhringinn eða lengur til þess að draga úr bólgu á skurðsvæði. Algengt er að finna fyrir stífleika í öxlum og er þá mikilvægt að reyna að slaka á öxlum. Einnig þykir sumum gott að nota heilsukodda.

Fylgikvillar

Ef fylgikvillar koma upp eftir aðgerðina getur það lengt sjúkrahúsdvölinu. Helstu fylgikvillar eru blæðing frá skurðsári, hnjask eða skaði á andlitstaug sem getur valdið hreyfiskerðingu á augnloki, enni og munnviki. Hreyfiskerðing getur varað í vikur eða mánuði og í einstaka tilfellum verið varanleg.

Útskrift

Útskrift er áætluð daginn eftir aðgerð.

Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:

- Útskriftarfræðslu
- Endurkomutíma hjá skurðlækni

Munnvatnskirtill fjarlægður

Verkir

Búast má við að finna fyrir verkjum í skurðsvæði en smátt og smátt dregur úr þeim og ættu þeir að jafna sig á 1–2 vikum. Lyfseðill fyrir verkjalyfjum er sendur rafrænt í apótek. Sjá fylgiblað um verkjameðferð eftir skurðaðgerð.

Dofi og hreyfiskerðing í andliti

- Vangakirtill fjarlægður:** Þegar vangakirtill er fjarlægður getur komið hnjask á hreyfitaug andlits. Við það getur orðið hreyfiskerðing á augnloki, enni og munnviki þeim megin sem aðgerðin var gerð. Einnig getur komið fram dofatilfinning í eyrnasnepli og ytri brún eyra. Einkennin geta varað í nokkrar vikur og í einstaka tilfellum verið varanleg. Sjaldgæfur fylgikvilli er svokallað Freys heilkenni (Frey's syndrome) sem lýsir sér í svita yfir skurðsvæði við máltíðir.
- Kjálkabarðskirtill fjarlægður:** Ef hnjask verður á neðstu grein hreyfitaugar andlits getur það valdið dofa og vægri hreyfiskerðingu á neðri vör. Einkennin geta varað í nokkrar vikur og í einstaka tilfellum verið varanleg.

Skurðsár

Fara má í sturtu en forðast þarf að bleyta skurðsvæði fyrr en eftir endurkomutíma hjá lækni. Litlir límplástrar eru yfir saumunum sem eru hafðir í 5–7 daga en þá er sár að mestu gróið. Saumar eru fjarlægðir í endurkomutíma hjá lækni eða á heilsugæslustöð 7-10 dögum eftir aðgerð.

Mataræði

Ekki er nauðsynlegt að breyta fæðunum vegna aðgerðarinnar. Hins vegar er mikilvægt að borða hollan mat og gæta vel að næringu til að byggja upp líkamann eftir aðgerðina.

Þvaglát

Ekki ættu að verða breytingar á þvaglátum við aðgerðina.

Hreyfing

Forðast þarf áreynslu. Ekki má rembast, lyfta þungu eða stunda æfingar eða íþróttir í að minnsta kosti tvær vikur eftir aðgerð eða samkvæmt fyrir mælum læknis.

Vinna

Vinnu má hefja í samráði við lækni en það fer eftir eðli starfs og líðan. Hægt er að fá veikindavottorð í endurkomutíma.

Hafa þarf samband við dagdeild A5 ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Aukin bólga eða roði er í og kringum skurðsvæði
- Hiti er hærri en 38,5°C
- Verkir eru í eða kringum skurðsvæði og minnka ekki við verkjalyf
- Skyndilegur dofi er á skurðsvæði eða í eyrnasnepli
- Skyndileg skerðing er á hreyfingu augnloks eða munnviks
- Ógleði eða uppköst eru viðvarandi

Ef upp koma vandamál tengd aðgerðinni má einnig hafa samband á göngudeild HNE á dagvinnutíma, klukkan 8–16 eða leita beint til bráðamóttöku í Fossvogi.

Eftirlit læknis

Sjá meðfylgjandi endurkomutíma.

Símanúmer

Innskriktarmiðstöð B3	543 2060
Dagdeild A5, opin virka daga kl. 7 til 22	543 7570
HNE, lýta- og æðaskurðdeild A4	543 7354
Göngudeild skurðlækninga B3 er opin frá kl. 8-16	543 7390

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Verkjameðferð eftir skurðaðgerð

Verkir

Flestir finna fyrir verkjum eftir skurðaðgerð. Oftast er um að ræða verki sem tengjast skurðsvæði. Mismunandi er hvernig fólk upplifir verki og þarf verkjameðferð að taka mið af reynslu hvers og eins. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því verkir geta seinkað bata.

Verkjalyf

Taka á verkjalyf samkvæmt ráðleggingum. Yfirleitt er heppilegast að taka verkjalyf reglulega yfir daginn. Ekki er æskilegt að bíða eftir því að verkir verði slæmir áður en lyfin eru tekin. Erfiðara er að ná stjórn á verkjum ef þeir verða slæmir. Ef verkir eru enn til staðar þrátt fyrir að verkjalyf séu tekin reglulega má taka verkjalyf til viðbótar samkvæmt ráðleggingum. Smám saman er dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar. Ráðlagt er að hætta fyrst töku sterkra verkjalyfja (t.d. tramadol, oxycodone). Síðan er dregið úr töku annarra verkjalyfja. Ef þörf er á lyfseðilsskyldum verkjalyfjum er lyfseðill sendur rafrænt í apótek.

<p>Verkjalyf tekin reglulega:</p> <p>Lyf: Skammtur: Hversu oft á að taka lyfið?</p> <p>Lyf: Skammtur: Hversu oft á að taka lyfið?</p>	<p>Viðbótar-verkjalyf:</p> <p>Lyf: Skammtur: Hversu oft má taka lyfið?</p>
--	---

Algengar aukaverkanir verkjalyfja

Aukaverkanir eru mismunandi eftir lyfjum. Algengt er að finna fyrir hægðatregðu og ýmiss konar óþægindum í maga. Ekki er víst að allir finni fyrir þessum einkennum.

Hægðatregða

Vinna má gegn hægðatregðu með því að drekka glas af sveskjusafa að morgni, borða gróft kornmeti, grænmeti og þurrkaða ávexti. Einnig er hægt að kaupa trefjahylki eða duft í apóteki eða matvöruverslun. Nauðsynlegt er að drekka um það bil 1,5 lítra af vökva á dag. Hægt er að kaupa hægðalyf án lyfseðils í apóteki. Aðrar ráðleggingar geta átt við þegar um er að ræða skurðaðgerð á ristli.

Magaóþægindi

Æskilegt er að taka lyfin með glasi af vatni eða máltíð. Fólk sem hefur fengið magasár eða magabólgur þarf að ráðfæra sig við lækni áður en bólgueyðandi verkjalyf eru notuð.

Slævandi áhrif

Sum verkjalyf skerða aksturshæfni og því má ekki aka bíl á meðan þeirra er þörf.

Önnur verkjameðferð

Aðferðir sem hafa reynst vel eru slökun, að hlusta á tónlist og dreifa athyglinni. Ekki er æskilegt að nota heita eða kalda bakstra á skurðsár meðan það er að gróa.

Hafa þarf samband við deildina ef eftirfarandi einkenna verður vart:

- Ef verkir eru slæmir þrátt fyrir töku verkjalyfja
- Ef aukaverkanir koma í veg fyrir að hægt sé að taka lyf
- Ef ofnæmisviðbrögð koma fram (kláði, útbrot, öndunarerfiðleikar)
- Ef mikill sljóleiki er til staðar

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunniið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI
SKURÐLÆKNINGASVIÐ
MARS 2019
LSH-2102

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR HÁLS-, NEF- OG
EYRNALÆKNINGA OG DEILDARSTJÓRI A4

HÖNNUN:

SAMSKIPTADEILD